

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. september 2009
Tilvísun: UST20090900046/hj

Fáskrúðsfjarðarlína 2, lagning 66 kV jarðstrengs.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. september 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða að leggja 66 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara frá aðveitustöð á Stuðlum að Fáskrúðsfjarðargöngum Reyðarfjarðarmegin annars vegar og frá göngunum Fáskrúðsfjarðarmegin að Fáskrúðsfjarðarlínu 1 hins vegar. Lagðir eru fram tveir valkostir Fáskrúðsfjarðarmegin.

Í lýsingu á leiðum kemur fram að jarðstrengurinn fer um skipulagt landbúnaðarland, gróðurfar einkennist af graslendi, ekki verður farið yfir votlendi og að mestum hluta muni jarðstrengurinn liggja innan veghelgunarsvæðis Þórdalsheiðarveggar (nr. 936) annars vegar og Suðurfjarðarveggar (nr.96) hins vegar. Jarðstrengurinn liggur að verulegu leyti samsíða vegi verður slóðagerð með ofaníburði nær engin og þar sem slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi má reikna með að myndist troðningur fær vinnuvélum. Lagningin fer þannig fram að grafin verður 1,5 m djúpur skurður, botn og strengur þaktir sandi og öryggisborði og e.t.v. steypur hellur settar yfir til varnar. Síðan er settur ljósleiðari í skurðinn og skurðurinn fylltur og merktur. Ekki er gert ráð fyrir opna sérstaka námu vegna efnistöku fyrir framkvæmdina. Í erindinu kemur fram að hluti framkvæmdarinnar liggur um fjarsvæði innan vatnsverndarsvæðis, en ekki er gerð nánari grein fyrir því eða svæðið afmarkað á þeim kortum sem fylgja.


Reyðarfjarðarmegin liggur jarðstrengurinn nær eingöngu í veghelgunarsvæði eða samsíða jarðstreng sem fyrir er. Umhverfisstofnun telur að þessi hluti sé ekki líklegur til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.


Fáskrúðsfjarðarmegin eru lagðir fram tveir valkostir. Megin munur kostanna er að valkostur 1 (aðalkostur) þverar Dalsá og er lengri. Ekki kemur fram hvers vegna valkostur 1 er lagður fram sem aðalkostur.

Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdir samkvæmt valkosti 1 geti haft áhrif á Dalsá á meðan að á framkvæmdinni stendur. Stofnunin telur hins vegar að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif að ræða enda verði þessi hluti framkvæmdarinnar unninn í samráði við fiskistofu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að haft verið samráð við heilbrigðiseftirlitið um framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis og bendir einnig á að ávalt beri að haga frágangi þannig að hann falli sem best að landinu.

Umhverfisstofnun telur ljóst að áhrif framkvæmdarinnar samkvæmt valkosti 1 séu meiri en við valkost 2, en engu að síður að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif óháð hvor valkosturinn verður fyrir valinu.

Virðingarfyllt


Helgi Jónsson
ráðgjafi


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri